



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 15. september 2021
Tilv. 2109169/0.7.3

Efni: Umsögn um drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013

Vísað er í drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013 sem birt eru á Samráðsgátt stjórnvalda og tölvupóst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 14. september sl. Þjóðskjalasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna:

Síðasta áratug hefur opinber stjórnsýsla færst að stórum hluta yfir á rafrænt form, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þá er hið opinbera jafnframt að stíga skref yfir í að varðveita gögn eingöngu á rafrænu formi í samræmi við gildandi lög og reglur. Mikilvægt er að leiðbeiningar um skjalagerð hjá stjórnsýslunni taki mið af þessari þróun.

Í 3. gr. leiðbeininganna er kveðið á um skyldu sveitarstjórna og nefnda þeirra að halda gerðabók sem skal innbundin og tölusett. Þá er jafnframt kveðið á um að ef fundargerð er færð í tölvu skuli tiltekna upplýsingar skráðar í gerðabókina eftir sem áður. Í 9. gr. leiðbeininganna er svo kveðið á um undirritun í gerðabók og útprentun rafrænna fundargerða á pappír og undirritun þeirra. Þannig eru ákvæði í leiðbeiningum að rafræn gögn skuli varðveitt á pappír og kveðið á um að halda skuli gerðabók á pappír. Að mati Þjóðskjalasafns ættu leiðbeiningarnar ekki að kveða á um á hvaða varðveisluformi (pappír eða rafrænt) fundargerðir ættu að vera. Um varðveislu opinberra skjala, þ.m.t. um varðveislu rafrænna gagna og pappírsskjala, er kveðið á um í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Afhendingarskyldir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, geta varðveitt gögn sín eingöngu á rafrænu formi í samræmi við settar reglur. Kjósi sveitarstjórn að hafa fundargerðir alfarið á rafrænu formi ætti henni að vera það heimilt og ákvæði í leiðbeiningum um ritun fundargerða ætti ekki að koma í veg fyrir slíkt. Sama athugasemd á við um 11. gr. leiðbeininganna þar sem kveðið er á um að trúnaðarmál skuli færa í sérstaka fundargerðarbók, svokallaða trúnaðarmálabók. Að mati safnsins ætti sveitarstjórnnum að vera heimilt að færa umræddar upplýsingar á rafrænu formi kjósi þær svo, sbr. ofangreint.

Þjóðskjalasafn vill því benda á að ákvæði um gerðabækur og útprentun rafrænna gagna á mögulega ekki heima í leiðbeiningum um ritun fundargerða og slík ákvæði taka ekki mið af þróun í rafrænni stjórnsýslu og varðveislu rafrænna gagna.

Í 12. gr. er kveðið er á um varðveislu fundargerða. Til samræmis við skilgreiningu á skjali í 2. tölul. 2. gr. laga um opinber skjalasöfn og til að undirstrika afhendingarskyldu á skjölum til opinbers skjalasafns leggur Þjóðskjalasafn til að ákvæðið hljóði svo (breytingar skáletraðar): „Skjöl og gögn sem verða til, *berast eða er viðhaldið* í starfsemi sveitarfélags, s.s. fundargerðir og önnur skráð fundargögn sveitarstjórnar og nefnda á hennar vegum tilheyra skjalasafni sveitarfélagsins og eru eign þess. Fer um varðveislu þeirra *og afhendingarskyldu* skv. gildandi lögum og reglum hverju sinni.“

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður



Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs